

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.6.2012	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Rónaldur H Zegers	Staðsetning	736509,507 500987,545

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð við skráningar í rekstrarhandbók.

Umfang eftirlits

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Bæta má skráningar á eftirliti með olíuskiljum, bæði í sandfangi og olíusöfnunarhólfi. Olíuleifar í fráveitu olíuskilja voru prófaðar með olíuprófi Macherey Nagel og greindist olía ekki með prófinu.

Þrír olíugeymar eru í steinsteyptri mengunarvarnaþró í stöðinni og hafa þeir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Sjö lagnir í stöðinni, þ.m.t. löndunarlagnir og verksmiðjulögn hafa allar verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir, svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Loki í frárennsli þróar stóð lokaður. Áfyllingarplön voru skoðuð. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ekki er gerð athugasemd við fyrirkomulag í stöðinni.

Ábendingar

Athugasemdir: Skráning í rekstrarhandbók/mánaðarblöð

Athugasemd 1: Bæta þarf skráningar á viðhaldi og eftirliti í mengunarvarnabúnaði. Umsjónarmenn stöðvarinnar skulu skrá mælingar sem gerðar eru í sandfangi og olíuhólfi

óluskilja á þar til gerð mánaðarblöð sem Olíudreifing ehf. hefur í notkun

Reykjavík, 03.07.2012



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

